Fullgild rafræn undirskrift
AUÐUR EYBERG HELGADÓTTIR
2026-11-17 10:45:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
FREYR ÆVARSSON
2026-11-17 11:32:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Arnarlax ehf.
Bíldudalur
Bíldudalur 465
Ísland

17. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3461

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5. október 2026 hjá Arnarlax ehf.

Þann 5. október 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Arnarlax ehf., í Gileyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

4 ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 5. október 2026 Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið. *Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Engar myndir voru teknar árið 2025.*	**Opið**
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 5. október 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Taka skal sýni og greina efnainnihald vatns við inntak í stöðinni og útrás frárennslis tvisvar á ári. Aðeins var framkvæmd ein sýnataka úr frárennsli árið 2024. Rekstraraðili tók sýni úr frárennsli skv. starfsleyfi árið 2025 og er frávikinu því lokað.*	**Lokað**
gr. 3.11 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 5. október 2026 Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. *Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð sé aðgengileg og uppfærð. Qr kóðinn var ekki virkur og er það því frávik.*	**Lokað**

	Rekstraraðili sendi tölvupóst með virkum kóða og öryggisblöðum 21. október 2026. Fráviki því lokað.	
gr. 3.11 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 5. október 2026 Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. *Bambar með blöndu af dauðfiski og maurasýru eru ranglega merktir.*	**Opið**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. desember 2026.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits